

318. fundur Skólanefndar FS

12. desember 2012



Mættir: Ingimundur Þ. Guðnason, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Ólöf Bolladóttir áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Ösp Birgisdóttir og Ísak Ernir Kristinsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun.
2. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun.

Skólameistari sagði frá því að búið er að skila inn rekstraráætlun til ráðuneytis fyrir árið 2013. Samkvæmt henni verður allur rekstrarkostnaður skorinn niður eins og hægt er og um áramót verða stundakennarar og kennarar með tímabundna ráðningu ekki endurráðnir. Þá verður yfirvinna nær alveg skorin niður. Nemendum og kennurum mun því fækka á vorönninni og ekki er gert ráð fyrir að þeim fjölgi á haustönn 2013 nema að nýnemar verða teknir inn. Af þeim sem sóttu um skólavist á vorönn hafa um 30 verið teknir inn, um 30 hefur verið hafnað og aðrir 30 eru í biðstöðu. Nemendur á vorönn verða því um 950.

2. Önnur mál.

a) Útskrift verður miðvikudaginn 19. desember en þá útskrifast 76 nemendur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari